



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavörður Reykjaness

Suðurgötu 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 14
(354) 845 85 10

www.minjastofnun.is
Kennitala: 440113-0280

Hafnarfjarðarbær
Berglind Guðmundsdóttir
Umhverfis- og skipulagsþjónusta
Norðurhelli 2
221 Hafnarfjörður

11. mars 2019
MÍ201902-0034 / P.H.

Efni: Hvaleyrarvöllur í Hafnarfirði - ósk um framkvæmdaleyfi

Minjastofnun Íslands hefur mótttekið bréf umhverfis- og skipulagsþjónustu Hafnarfjarðar frá 12. febrúar síðastliðnum þar sem óskað er eftir umsögn um veitingu framkvæmdaleyfis vegna byggingu golfbrauta á nyrsta hluta golfvallarins á Hvaleyri. Fylgiskjal var lýsing á fyrirhuguðum framkvæmdum frá framkvæmdaaðila, golfklúbbum Keili.

Katrín Gunnarsdóttir skráði fornleifar í Hvaleyrarlandi og gaf út í skýrslu árið 2005, *Fornleifar í landi Hvaleyrar og Grísaness. Hafnarfirði*. Á framkvæmdasvæðinu eru skráðar 5 fornleifar (nr. 22 – 25 í skrá Katrínar) og eru allar friðaðar, sbr. 3. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Um er að ræða bæjarstæði Vesturkots og þótt sléttað hafi verið yfir svæðið er viðbúið að fornminjar leynist undir sverði og má jafnvel búast við fleiri minjum, eins og t.d. útihúsum frá bænum. Ekki er ljóst í hvaða ástandi minjarnar eru eða hversu mikið svæðið er raskað. Það þyrfti því að fara fram forkönnun á staðnum til að ganga úr skugga um það. Í skránni er einnig nefndur manngerður hóll (nr. 58) sem ekki er vitað hvað er. Það þyrfti að kanna.

Skammt frá þessum minjum eru fornleifar með mjög hátt minjagildi og eru *friðlýstar* sem þjóðminjar, en það eru rúnasteinar sem merktir eru nr. 26 og 27 í fornleifaskránni. Um minjar þessar er m.a. fjallað í grein eftir Sveinbjörn Rafnsson: „Bergristur á Hvaleyri“, *Árbók fornleifafélagsins* 1974, bls. 75-93. Helgunarsvæði friðlýstra minja er 100 metrar út frá ystu sýnilegum mörkum minjanna, sbr. 22. gr. laga um menningarminjar, en þar segir jafnframt: *Hvers*

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnsýslustigi og ekki kærnanlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

Þór Hjaltalín

Minjavörður Reykjaness
thor@minjastofnun.is


*konar röskun, byggingarframkvæmdir eða aðrar framkvæmdir á friðhelguðu svæði umhverfis friðlýstar fornleifar eru óheimilar án leyfis Minjastofnunar Íslands. Ekki er vel ljóst út frá fyrirbyggjandi gögnum hvort hinar friðlýstu minjar lendi innan áhrifasvæðis framkvæmdanna. Friðlýstum minjum fylgja strangari verndar-ákvæði en *aldursfriðuðum* minjum, líkt og Vesturkots, en helgunarsvæði þeirra er 15 metrar út frá ystu mörkum.*

Á svæðinu eru einnig skráðar minjar frá síðari heimstyrjöld, eftir veru hersins. Þótt þær njóti ekki friðunar samkvæmt lögum teljast þær hafa talsvert minjagildi, en minjar af þessu tagi hafa týnt mjög tölunni á undanförunum áratugum. Það er því sérstök ástæða til að standa vörð um þær.

Minjastofnun Íslands fer fram á gæði gagnanna verði bætt, þ.e. að sýnilegar minjar á yfirborði verði mældar upp (í samræmi við núgildandi staðla um fornleifaskráningu) og markað fyrir helgunarsvæði þeirra, 15 m fyrir *aldursfriðaðar* minjar og 100 m fyrir *friðlýstar* minjar. Þessar uppmælingar mætti færa á loftmynd í góðum skala þar sem einnig kemur fram með skýrum hætti áhrifasvæði fyrirhugaðra framkvæmda. Auk þess mætti færa þar inn staðsetningu Vesturkots, eins og kostur er út frá heimildum. Verk þetta þarf að vinna af fornleifafræðingi.

Þegar gögnin liggja fyrir þarf að senda þau Minjastofnun svo taka megí afstöðu til framkvæmdanna og áhrifa þeirra á minjar. Á grundvelli gagnanna verður tekin ákvörðun um nauðsynlegar mótvægisáðgerðir til verndar minjunum, þ.e. um forkannanir og hugsanlegar rannsóknir og/eða hvort farið verði fram á að framkvæmdum verði hnikað til.

Virðingarfyllst,



Þór Hjaltalín
Minjavörður Reykjaness

Afrit sent: Skipulagsstofnun